

Kennsluáætlun



Íslenska, haustönn 2018

5. bekkur

Kennarar: Ragnar Ingi Sigurðsson og Steinunn Alva Lárusdóttir

Traust kunnátta í móðurmáli er meginuppistaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Nauðsynlegt er að nemendur átti sig á uppbyggingu málsins og efli þannig færni sína í málnotkun og skilningi. Bókmenntirnar og tungumálið eru menningararfur okkar sem ber að rækta vel.

Lykilhæfni

Nám í íslensku á ekki eingöngu að auka þekkingu nemenda á greininni sjálfri heldur einnig að efla þætti sem snúa að nemandanum sjálfum s.s. tjáningu, samvinnu, gagnrýna hugsun, sköpunargáfu og ábyrgð á eigin námi. Með beitingu fjölbreyttra kennslu-, mats- og námsaðferða er stefnt að því að hlúa að þessum mikilvægu námsþáttum.

Grunnþættir

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun.*

Námsefni

Kennsluáætlunin byggir á þeim viðmiðum sem sett eru í Aðalnámskrá grunnskóla.

Kamilla vindmylla og leiðinn úr Esjunni e. Hilmar Örn Óskarsson; *Orðspor, lesbók og vinnubók* e. Ásu Marin Hafsteinsdóttur og Kristjönu Friðbjörnsdóttur; *Söguskinna, Töfraskinna og Flökkuskinna* e. Eddu Pétursdóttur og Þórdísi Gísladóttur; *Mál til komið og Mál í mótun* e. Kolbrúnu Sigurðardóttur og Þóru Kristinsdóttur; *Finnbjörg* e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur; ljósritað efni frá kennara.

Auk þess skulu nemendur velja sér frjálslestrarbækur á íslensku (í samráði við kennara) fyrir yndislestur.

Námsmat

Lestur og lestrarskráning: 15%

Ritun: Safnmappa og sýnisverkefni 15%

Málfræðikönnun I og II: 30%

Lesskilningsverkefni: 15%

Framsögn: 10%

Vinnueinkunn: 15%

Tímabil	Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Mat
24. ágúst – 21. sept. 1. lota	<p><i>Ritun</i></p> <p>Að geta tjáð hugmyndir sínar og reynslu í rituðu máli.</p> <p>Að hafa náð valdi á stafsetningarreglum um ng/nk, tvöfaldan samhljóða, stóran og lítinn staf og n/nn.</p> <p>Að hafa náð valdi á punkti, kömmum í upptalningu og spurningarmerki.</p> <p><i>Lestur og bókmenntir</i></p> <p>Að geta valið sér lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p>Ritun:</p> <p>Útikennsla, ljóðagerð og skapandi skrif, yfirferð texta og frágangur</p> <p>Yndislestur: Bók að eigin vali</p>	<p>Safnmappa og sýnisverkefni</p> <p>Lestrarskráning</p>
24. sept.-12. okt. 2. lota	<p><i>Málfræði</i></p> <p>Að greina helstu einkenni nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.</p> <p><i>Ritun</i></p> <p>Að hafa náð valdi á stafsetningarreglum um y/ý/ey, hv/kv, ng/nk, tvöfaldan samhljóða, stóran og lítinn staf og n/nn.</p> <p><i>Lestur og bókmenntir</i></p>	<p>Málfræði og málnotkun:</p> <p><i>Orðspor 1, vinnubók</i></p> <p>Orðarýni með aðferðum <i>Orðs af orði</i></p> <p><i>Mál til komið/Mál í mótun</i></p> <p>Yndislestur: Bók að eigin vali</p>	<p>Málfræðikönnun</p>

	Að geta valið sér lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.		Lestrarskráning
15. okt.-16. nóv. 3. lota	<i>Lestur og bókmenntir</i> Að geta lesið sér til ánægju og fróðleiks. Að geta greint og fjallað um aðalatriði í texta.	Bókmenntir: <i>Kamilla vindmylla og leiðinn úr Esjunni</i> Verkefni með bók	Verkefnavinna og lokaverkefni Orðarún: Lesskilningskönnun
19.-30. nóv. 4. lota	<i>Málfræði</i> Að geta gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og haft skilning á gildi þess að bæta það. Að geta notað góðan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun. <i>Lestur og bókmenntir</i> Að geta valið sér lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.	Málnotkun: <i>Orðspor 1</i> , lesbók og vinnubók Yndislestur: Bók að eigin vali	Lestrarskráning
03. des.-19. des 5. lota	<i>Talað mál, hlustun og áhorf</i> Að geta tjáð sig skýrt og áheyrilega. Að geta tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og tekið þátt í samræðum. <i>Lestur og bókmenntir</i> Að geta valið sér lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.	Framsögn: Ýmis verkefni frá kennurum Yndislestur: Bók að eigin vali	Kennaramat, sjálfsmat og foreldramat Lestrarskráning

<p>4. jan.-18. jan.</p> <p>6 . lota</p>	<p><i>Málfræði</i></p> <p>Að greina hlutverk og helstu einkenni nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.</p> <p><i>Lestur og bókmenntir</i></p> <p>Að geta valið sér lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p>Málfræði:</p> <p><i>Orðspor 1</i></p> <p>Efni frá kennara</p> <p>Yndislestur: Bók að eigin vali</p>	<p>Málfræðikönnun</p> <p>Lestrarskráning</p>
---	---	--	--

Birt með fyrirvara um breytingar.